Jafnlaunamarkmið - Aðgerðaáætlun

Jafnlaunamarkmið Matvælastofnunar

Matvælastofnun er eftirsóttur og fjölskylduvænn vinnustaður þar sem allir starfsmenn, óháð kyni, hafa jöfn tækifæri til starfsþróunar og framgangs í starfi og kynbundinn launamunur er ekki fyrir hendi.

Að starfsmenn fái sanngjarna umbun fyrir vinnu sína og sé ekki mismunað varðandi kröfur um vinnuframlag, svo sem yfirvinnu, óháð kyni.

Launamunur dagvinnulauna milli kynja skal að jafnaði vera innan við 2%.

Brugðist er við óútskýrðum launamun innan 6 mánaða frá greiningu sem leiðir slíkt í ljós og fyrr ef unnt er.

Leiðir að markmiðum

- Launa- og jafnlaunastefna stofnunarinnar er öllum starfsmönnum kunn, aðgengileg og ávallt fylgt í hvívetna;
- Launagreiningar eru framkvæmdar samkvæmt áætlunum og verkferlum, sem og rýni stjórnenda og áætlaðar innri úttektir. Brugðist er við öllum frábrigðum samkvæmt verkferlum;
- Leiði aðhvarfsgreining launagreiningar í ljós óútskýranlegan launamun milli kynja verður slíkt leiðrétt eins fljótt og unnt er og eigi síðar en innan 6 mánaða.
- Rýna skal launasetningu og forsendur hennar, þ.e. viðmið og stigun bæði starfs og persónubundinna þátta.
- Niðurstöður geta einnig leitt til endurskoðunar á starfslýsingum.
- Stofnunin mun gera sér far um að jafna hlutfall kynja innan þeirra starfahópa þar sem mjög hallar á annað kynið, t.a.m. með því að höfða sérstaklega til kyns í minnihluta í starfsauglýsingum (sbr. 5. mgr. 19. gr. laga 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna).
- Starfsþróunarstefna Matvælastofnunar gerir öllum starfsmönnum kleift að sækja sér menntun til að auka hæfni sína, sem og að taka launað námsleyfi skv. gildandi reglum.

Ábyrgð

Mannauðsstjóri og forstjóri bera ábyrgð á launasetningu starfsmanna í samráði við sviðsstjóra og deildarstjóra, framkvæmd launagreininga, rýni þeirra, kynningu fyrir starfsmönnum og gerð viðbragðs-/úrbótaáætlunar leiði launagreining eða önnur greining frábrigði í ljós.